

EFNISYFIRLIT

1	Bændurnir þrír	1
2	Refurinn	7
3	Skotárásin	10
4	Skóflurnar skelfilegu	16
5	Vélskóflurnar voðalegu	22
6	Kapphlaupið	28
7	„Við sleppum honum aldrei!“	33
8	Refafjölskyldan sveltur	34
9	Refurinn ráðsnjalli er með áætlun	40
10	Hænsnahús Vamba númer eitt	44
11	Óvæntur glaðningur fyrir Fóu	51
12	Greifi	54
13	Risastóra birgðageymslan hans Skramba	60
14	Greifi fær efasemdir	70
15	Leynieplabruggherbergið hans Þjórs	74
16	Konan	82
17	Góða veislu gjöra skal	88
18	Bíða enn	98

Bændurnir þrír

Niðri í dalnum voru þrjú bóndabýli. Bændurnir þar höfðu staðið sig vel. Þeir voru vel efnaðir. Þeir voru líka andstyggilegir. Þeir voru andstyggilegri og illkvittnari en þú getur nokkru sinni ímyndað þér. Þetta voru þeir Vambi, Skrambi og Þjór.






Vambi átti kjúklingabú. Hann átti hænur í þúsundatali. Hann var gríðarlega vambmikill. Það var vegna þess að í morgunmat, hádegisverð og kvöldmat át hann þrjá kjúklinga þakta þykkri sósu og fékk sér soðnar hveitibollur með.

Skrambi átti anda- og gæsabú. Hann átti endur og gæsir í þúsundatali. Hann var mikill um sig og lágfættur. Hann var svo lágfættur að hakan á honum væri alltaf ofan í vatninu ef hann væri í grunnu lauginni, hvar sem er í heiminum. Uppáhaldsmaturinn hans var kleinuhringir og gæsalifrarkæfa. Hann bjó til viðurstyggilega kæfu úr gæsalifur og henni tróð hann síðan í kleinuhringina. Þessi matur fór illa í hann og gerði hann skapillan.





Þjór átti kalkúna- og eplabýli. Hann átti kalkúna í þúsundatali og stóran eplalund. Hann borðaði aldrei neitt. Þess í stað drakk hann rótsterkt eplabruggr sem hann bjó til úr eplunum sem hann ræktaði. Hann var eins og blýantur í laginu og hann var sá snjalli af þeim þremur.



„Vambi og Skrambi og Þjór
einn feitur einn stuttur einn mjór
voru leiðinda flón
ekki líkir í sjón
en óþokkar allir í kór.“

Þetta er það sem börnin í nágrenninu sungu
venjulega þegar þau sáu þá.



